Lúxemborg, 24. janúar 2023

Fréttatilkynning 02/2023

Dómur í máli E-5/22 Christian Maitz gegn Liechtensteinische Alters- und Hinterlassenenversicherung, Liechtensteinische Invalidenversicherung, and Liechtensteinische Familienausgleichskasse

GILDISSVIÐ ALMANNATRYGGINGAREGLUGERÐAR OG BÚSETA UTAN EES

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunardómstóli Liechtenstein (Fürstliches Obergericht) varðandi túlkun á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 („reglugerðin“) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 („innleiðingarreglugerðin“).

Málið varðar áfrýjun Christian Maitz á ákvörðun um að hafna beiðni hans um að veita honum A1 eyðublað. Christian Maitz er austurrískur ríkisborgari og vinnur sem lögfræðingur í Liechtenstein en býr í Sviss. Viðkomandi stofnanir í Liechtenstein (AHV-IV-FAK) komust að þeirri niðurstöðu tekjur hans af atvinnustarfsemi í Liechtenstein væru skattskyldar í Liechtenstein. Christian Maitz er einnig meðlimur í lögmannafélaginu í Vín og ber að greiða iðgjöld til austurrískra lífeyrisstofnana. Til að fá undanþágu frá því að greiða framlög í báðum EES-ríkjunum ber honum að leggja fram A1 eyðublað frá Liechtenstein fyrir lögmannafélagið í Vín til staðfestingar á því að hann tilheyri almannatryggingakerfi í Liechtenstein. Samkvæmt AHV-IV-FAK geta stofnanirnar ekki gefið út A1 eyðublaðið þar sem Christian Maitz er búsettur í Sviss og því gildir reglugerðin ekki um hann. Auk þess töldu stofnanirnar sér ekki skylt að leggja fram slíka staðfestingu með A1 eyðublaði. Við meðferð málsins fyrir landsdómstólnum buðust stofnanirnar í Liechtenstein til þess að gefa út opinbera staðfestingu í stað A1 eyðublaðsins.

Með fyrstu spurningu sinni spurði áfrýjunardómstóllinn hvort um væri að ræða skilyrði skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar 883/2004, að auk þess að vera ríkisborgari EES-ríkis og heyra undir löggjöf eins eða fleiri EES-ríkja, yrði einstaklingur einnig að vera búsettur í EES-ríki til þess að falla undir gildissvið reglugerðarinnar. Dómstóllinn svaraði að slíkt skilyrði leiddi ekki af 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Áfrýjunardómstóllinn spurði einnig hvort samningur milli EES-ríkis og þriðja ríkis, sem miðar að því að rýmka gildissvið reglugerðarinnar þannig að hún nái til þess þriðja ríkis, gæti breytt svarinu við fyrstu spurningunni. Dómstóllinn svaraði því þannig að slíkur samningur um almannatryggingar getur ekki sett búsetu einstaklings skilyrði sem víkja frá 1. mgr. 2. gr. og 11. gr. þeirrar reglugerðar.

Með annarri spurningu sinni spurði áfrýjunardómstóllinn hvort staðfesting í skilningi 2. mgr. 19. gr. innleiðingarreglugerðarinnar verði að vera gefin út í formi A1 eyðublaðs til að hafa þau réttaráhrif sem tilgreind eru í 1. mgr. 5. gr. innleiðingarreglugerðarinnar. Dómstóllinn svaraði því að túlka beri 2. mgr. 19. gr. innleiðingarreglugerðarinnar þannig að ekki sé gerð krafa um að staðfesting sé eingöngu gefin út í formi A1 eyðublaðs til þess að hafa þau réttaráhrif sem sett eru fram í 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.